

SAMEIGINLEG SÝN FYRIR 2030 UM AÐ EFLA SAMSTARF MILLI ÍSLANDS OG BRETLANDS

Bretland og Ísland eiga að baki langa sögu sem nágrannar í Norður-Atlantshafi með nán tengsl á sviði efnahagsmála, menningarmála og varnar- og öryggismála. Tengsl landa okkar eiga sér djúpar rætur í sameiginlegu gildismati, meginreglum lýðræðis, trú á réttarríkið og frjálsum viðskiptum. Heimurinn stendur nú frammi fyrir nýjum áratug breytinga sem felur í sér tækifæri og áhættu, lönd okkar munu starfa saman að því að efla tvíhliða samskipti með sameiginlegum framtaksverkefnum sem miða að því að efla hagsæld, sjálfbærni og öryggi, jafnt innan svæða og á alþjóðavísu.

Þegar Bretland yfirgefur Evrópusambandið munu Ísland og Bretland gera með sér tvíhliða heildarsamninga sem leggja grundvöll að öflugum tengslum á sviði viðskipta og efnahagsmála þar sem horft er til framtíðar. Við munum ýta undir og greiða fyrir tengslum sem styðja við öflug viðskipti og fjárfestingar og tengsl milli þjóðanna. Við munum starfa saman að því að grípa þau tækifæri sem felast í fjórðu iðnbyltingunni og þróun græns hagkerfis jafnframt því að takast á við sameiginlegar áskoranir er tengjast loftslagsbreytingum. Við munum í sameiningu vinna að stefnumótun til að bæta velferð og hagsæld þjóðanna og tryggja jafnframt að samstarf um varnir og öryggismál, tvíhliða og innan svæðisbundinna og marghliða samtaka, varðveiti öryggi þjóða okkar.

Á alþjóðavettvangi munu sameiginleg lýðræðisleg gildi okkar og áhugi á að efla efnahagslegar og félagslegar framfarir á heimsvísu renna stöðum undir samstarf okkar. Við munum hafa með okkur náð samráð og vinna saman á hinu alþjóðlega sviði og á marghliða vettvangi að því að: styðja við alþjóðlegt kerfi sem er grundvallað á reglum; draga úr fátækt; standa vörð um mannréttindi og jafnrétti kynjanna, ásamt því að leggja áherslu á réttindi hinsegin – LGBT+ fólks, sem verður samþætt í öll okkar markmið; efla frið og öryggi, m.a. með afvopnun í samræmi við samninginn um að dreifa ekki kjarnavopnum og leita friðsamlegra lausna í deilumálum, skipuleggja meginreglur frjálsra viðskipta og stuðla að netöryggi. Við munum efna til samvinnu með helstu talsmönnum málstaðarins til að takast á við hinar miklu áskoranir loftslagsbreytinga og umhverfisverndar. Það gerum við á grundvelli þess að uppfylla skuldbindingar Sameinuðu þjóðanna og markmið um sjálfbæra þróun og sameiginlegrar aðildar okkar að samtökum á borð við NATO, Evrópuráðið, ÖSE og Alþjóðaviðskiptastofnunina.

Í ljósi þessara sameiginlegu markmiða munum við efla með okkur tvíhliða og svæðisbundna samvinnu og samstarf á komandi áratug og beita í þeim tilgangi reglubundnu tvíhliða samráði til að meta árangur, með megináherslu á eftirtalin sjö svið:

1. Viðskipti og fjárfestingar: innan ramma metnaðarfullra, nýrra samkomulaga sem gerð verða í kjölfar útgöngu Bretlands úr ESB munu lönd okkar efla samstarf sitt á sviði viðskipta og fjárfestinga í því skyni að greiða fyrir flæði og draga svo sem kostur er úr ágreiningi. Í þessu skyni munum við skipuleggja samræður um að efla viðskipti og fjárfestingar með reglubundnum hætti þar sem greind verða möguleg tækifæri innan tiltekinna atvinnugeira og greitt fyrir samstarfi milli fyrirtækja. Á hverju ári munum við hafa milligöngu um a.m.k. eina geirabundna viðskiptasendinefnd milli Bretlands og Íslands og leitast við að greina tækifæri til samstarfs á alþjóðavettvangi og innan marghliða stofnana, s.s. Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, til að vinna að meginreglum frjálsra viðskipta.
2. Sjávarútvegur: við munum efla samstarf, hvetja til samvinnu innan geirans og til þess að skipst verði á sérfræðikunnáttu um sjálfbæra fiskveiðistjórnun til þess að stuðla að

arðbærum og sjálfbærum sjávarútvegi. Á hverju ári munum við standa fyrir samræðum um sjávarútveg til að styðja við hagkvæmar, sjálfbærar og ábyrgar stefnur á sviði sjávar og sjávarútvegs, einkum á Norður-Atlantshafi, og stuðla að svæðisbundnu og alþjóðlegu samstarfi um sjálfbæra stjórnun flökkustofna. Við munum koma saman fyrirtækjum til að efla nýsköpun í fiskveiðum og fiskvinnslu sem miðar að hámarksnýtingu hráefnis, og styðja við aukna nýtingu vísindarannsókna og nýsköpunar.

3. Rannsóknir og nýsköpun: við munum hvetja til og stuðla að rannsóknum, nýsköpun og samstarfi á sviði vísinda og tækni til að bæta hagsæld og velferð borgaranna. Við munum, í ljósi COVID-19, efla samstarf um heilbrigðisöryggi á heimsvísu til þess að vernda betur þjóðir okkar. Við munum nýta fyrirliggjandi vettvanga og viðburði innanlands og innan svæða til að efla tvíhliða og svæðisbundin skipti og samstarf sprotafyrirtækja, fyrirtækja, æðri menntastofnana og vísindastofnana, auk þess að greina og styðja árlega við a.m.k. einn viðburð í hvoru landi þar sem fyrirtæki og háskólar geta vakið athygli á starfi sínu og sérfræðipekkingu.
4. Svæðisbundin og alþjóðleg samvinna: við munum efla samstarf á sviði stjórn mála, félagslegra málefna og efnahagsmála á viðeigandi svæðisbundnum og alþjóðlegum vettvangi og innan stofnana, m.a. stofnana Sameinuðu þjóðanna og ÖSE. Með tvíhliða viðræðufundum munum við skilgreina forgangssvið samstarfs og sameiginlegs málflutnings á svæðisbundnum og alþjóðlegum vettvangi, sem miða að því að greina árlega a.m.k. eitt framtakverkefni sem við munum styðja í sameiningu innan viðeigandi alþjóðlegra og marghliða stofnana, eða samstarfs um innlend framtakverkefni sem löndin leggja sameiginlega áherslu á eða þróunaráætlanir. Sérstök forgangssvið verða mannréttindi, jafnrétti kynjanna, málefni hinsegin – LGBT+ fólks og stuðningur við markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.
5. Varnar- og öryggismál: árlega munum við meta samstarf okkar á sviði varnar- og öryggismála. Samstarf okkar og varnaræfingar innan NATO, sem er hornsteinn öryggismála Evrópulanda við Atlantshafið, verður áfram kjarninn í varnarsamstarfi okkar. Að auki munum við koma tvíhliða viljayfirlýsingu okkar um eflingu tvíhliða samvinnu í varnar- og öryggismálum frá 2019 til framkvæmda, m.a. með samræðum um varnar- og öryggismál með fulltrúum frá utanríkisráðuneyti Íslands og utanríkis- og varnamálaráðuneyta Bretlands, ásamt öðrum ráðuneytum og stofnunum eftir því sem við á. Við munum deila greiningum og bjóða þátttöku í tvíhliða, svæðisbundnum eða alþjóðlegum framtakverkefnum sem bregðast við yfirvofandi varnar- og öryggisógnum, s.s. net- og fjölþáttaaðgerðum. Árlega munum við einnig í a.m.k. eitt skipti bjóða til þátttöku í samræðum um löggæslu- og refsiréttarmál, m.a. um dómsmálasamstarf, baráttu gegn peningaþvætti, hryðjuverk, baráttu gegn skipulagðri glæpastarfsemi og spillingu og netöryggi.
6. Loftslagsbreytingar og norðurslóðir: fyrir og eftir loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, COP26, munum við sem samstarfsaðilar stuðla að því að alþjóðasamfélagið taki með metnaðarfullum hætti á loftslagsbreytingum, með reglubundnum skiptum á upplýsingum um innlandan og alþjóðlegan árangur á tvíhliða og svæðisbundnum vettvangi. Við munum greina samstarf á svæðisbundnum og alþjóðlegum vettvangi þar sem lögð verður sérstök áhersla á umhverfislega sjálfbærni hafsins og norðurheimskautssvæðisins og miða að því að styðja við rannsóknarsamstarf á þessu sviði. Á hverju ári munum við koma til framkvæmda a.m.k. einu sameiginlegu framtakverkefni á sviði loftslagsbreytinga og/eða norðurslóðamála, annaðhvort á

tvíhliða grunni eða innan alþjóðlegs vettvangs, s.s. Norðurskautsráðsins eða Hringborðs norðurslóða.

7. Tengsl þjóðanna: við munum efla sameiginleg gildi og ýta undir tengsl milli þjóðanna með því að hvetja til og greiða fyrir tengslum milli Íslands og Bretlands á sviði menntamála, háskólastarfs, menningarmála, íþróttar og rannsókna, þar sem sérstök áhersla er lögð á forystu yngra fólks með a.m.k. einu tvíhliða eða svæðisbundnu framtaksverkefni á ári sem styður við samtal og samstarf. Við munum einnig hlúa að auknum tengslum milli þjóðþinga beggja landa.

Utanríkisráðherra Íslands og utanríkisráðherra Bretlands bera umfram aðra ábyrgð á þessari framtíðarsýn og munu fara yfir árangur þegar þeir hittast.

Utanríkisráðherrar landanna fela sendiherra Íslands gagnvart Bretlandi og sendiherra Bretlands gagnvart Íslandi valdheimildir verkefnisstjóra til að tryggja að árangur sé metinn og uppfærður reglubundið og að samþykkt starfsemi uppfylli markmið og leiði til þess ávinnings sem stefnt er að.

Í tvíhliða viðræðum Íslands og Bretlands, sem munu eiga sér stað á þeim tíma og stað sem ákveðin verða með gagnkvæmu samkomulagi, verður árangur metinn og frekari framtaksverkefni greind sem unnið verður að.

Í framangreindu skjali er sett fram samkomulag sem ríkisstjórn Sameinaðs konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og ríkisstjórn Íslands gerðu með sér um málefni sem þar er vísað til.

Undirritað í þeirri röð í tvíriti á ensku í utanríkisráðuneyti Bretlands í London og utanríkisráðuneyti Íslands í Reykjavík 14. maí 2020.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands:

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:

Wendy Morton
Ráðherra málefna evrópskrar
nágrannastefnu og Norður- og Suður-
Ameríku

Guðlaugur Þór Þórðarson
Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra